

Úfgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 77. TBL. 16. ÁRG. FEBRÚAR 1993

Sífellt vaxandi samstilling til sífellt æðra lífs, er takmarkið.

Helgi Pjeturss

Halastjarnan Swift-Tuttle

(Sjá forsíðumynd)

Halastjörnur tilheyra sólhverfinu. Þær eru gerðar af mjög smáum efnisögnum og þunnu gasi, og eru því ólíkar reiki-stjörnunum. Halastjörnur ganga um sólina á mjög aflöngum brautum og er umferðartími þeirra sem þekktar eru og komið hafa í sólnánd oftar en einu sinni, frá 3,3 árum (Encke) og upp í 155 ár (Herschel — Riggollet) en talið er að umferðartími fjölmargra annarra taki þúsundir ára. Það sem mest einkennir útlit þessara stjarna, er hali sem alltaf víesar brott frá sólu.

Ein af þeim halastjörnum, sem vakið hafa nokkra athygli er *Swift-Tuttle* halastjarnan. Menn uppgötuðu hana fyrst þann 26. september og hafa fylgst með henni síðan, þar sem hún nálgast jörðu hröðum skrefum og verður æ skírari eftir því sem hún nálgast meir og hali hennar lýsist sömuleiðis.

Hér er önnur mynd af Swift-Tuttle halastjörnunni, tekin 26. október 1992, fyrsta daginn sem hún sást.



Til lesenda Lífgeisla

Lífsambandskenning dr. Helga Pjeturss var heimsviðburður, sem mundi á skömmum tíma breyta til batnaðar allri þróun lífsins á jörðu hér, ef þegin væri og hagnýtt í þágu mannkynsins.

Helgi bindur miklar vonir við framgöngu þessa máls.

„Ný jarðöld mun hefjast, þegar á vorri jörð verður á vísindalegan hátt farið að stunda samband við lífið á stjörnum.“

Og enn segir hann:

„Allt mannkynið þarf að eignast sameiginlegt áhugamál, enda getur svo orðið. Og hvað ætti fremur að geta fyllt allar þjóðir einum áhuga, en að setja sér það mark, að hverfa af helvegi og á leið sigrandi, ávallt batnandi lífs.“ (Sann 55; bls. 226).

Og það er einmitt íslenska þjóðin, sem verður að hafa forgöngu um framgang þessa máls, því hjá henni kom það fyrst fram og Nýalsmenn, þeir sem kynnt hafa sér mikilvægi málsins, verða að standa hér fremstir í flokki, því á annarra færi er það ekki.

Með þessu nýbyrjaða ári verðum við hver og einn að ætla okkur það hlutverk, að vinna að útbreiðslu þessa mikla máls, hvar sem við sjáum okkur færi á.

Kæru lesendur Lífgeisla! Um leið og ég óska ykkur allra heilla langar mig enn til að biðja ykkur að senda mér eitt og annað efni, sem hentað gæti til birtingar í blaðinu, svo sem, „dulræna“ reynslu ýmiskonar, drauma, fyrirburði o.fl. Einnig að leitast við að afla Lífgeislum nýrra áskrifenda. Svo og, að kynna hina nýju útgáfu Nýals-ritanna; þar vantar sannarlega nýja lesendur og kaupendur. Á þessu, þ.e. á lestri þessara rita, byggist almennur skilningur á þessu mikilsverða málefni.

Með bestu kveðjum til ykkar allra, kæru lesendur Lífgeisla.

Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla og Félags Nýalssinna.

Ingvar Agnarsson

Þorsteinn Guðjónsson:

Stapakenningin

Eitt hið merkasta, sem fram kom í dagskrá Ríkisútvarpsins 7. febr. var hjá Sigurði Steinþórssyni jarðfræðingi. Ég benti þáttargerðarmanni á Sigurð, enda þótt hann hefði einu sinni verið í andstæðingaliði, sem sótti okkur heim á Álfhólsvег 121. Ég gerði þetta af því, að mér hefur fundist mega skynja gáfur í manninum — úr fjarska séð — og það brást ekki. Sigurður talaði um jarðfræðiverk Helga Pjeturss með meiri sanngirni en við höfum átt að venjast, og meðal þess sem hann sagði var þetta.

Guðmundur Kjartansson, jarðfræðingur, setti fram kenningu um stapalöguð fjöll, mynduð á ísaldaskeiði, en slík fjöll eru mörg á Íslandi. Það var lengi að G. K. hafði sig lítt í frammi með athuganir sínar á þessu, en bandarískur jarðfræðingur sem gert hafði líkar athuganir í Alaska reyndist sá drengur að greiða fyrir því að koma verkinu á framfæri. Eftir þetta var Guðmundur virtur, innanlands og utan, sem höfundur stapakenningarinnar.

Nú sagði S. St. að þegar hann fór að kynna sér gögn Helga Pjeturss, hefði sér orðið ljóst, að hann — Helgi — hefði skilið þessa myndunarsögu löngu á undan Guðmundi. Skilið hana, en ekki látið verða af því að gera grein fyrir henni. — Ef einhver héldi nú, að ég væri að reyna að minnka Guðmund Kjartansson með þessum orðum, þá væri það mikill misskilningur. Framlag Guðmundar var hið besta verk, stórmikils um það vert, og gerði það stórum erfiðara fyrir pukursmenn að girða algerlega fyrir það, að doktors Helga væri nokkurststaðar getið sem jarðfræðings, eins og um tíma voru nokkrar horfur á að gerðist.

En eins og athugun Sigurðar Steinþórssonar bendir til, var á þeim sviðum jarðfræðinnar, sem Helgi Pjeturss fékkst við, fátt sem duldist hans hvössu sjón og skarpa viti.

P. G.

Bergsteinn Jónsson:


Ummæli Þorsteins Vilhjálmssonar leiðrétt

Sunnudaginn 7. febrúar sl. stýrði Ólafur H. Torfason umræðuþætti á Rás 1. Var þar fjallað um dr. Helga Pjeturss, jarðvísindastörf hans og heimspekirit, Nýalana. Í þætti þessum var talað við nokkra menn, vel menntaða á sínu sviði. Þeirra á meðal var Þorsteinn Vilhjálmsson frá Háskóla Íslands, en ummæli hans urðu mér tilefni til að skrifa þessar línum. Í máli sínu lagði Þorsteinn á það áherslu að ef vísindamaður gengi gegn því sem raunvísindi hefðu staðfest væri hann með því að vísa sjálfum sér út af ræðuvellinum nema að benda á eitthvað annað í staðinn. Svo var að skilja að hann teldi dr. Helga hafa fallið í þessa gröf í sambandi við ferðahraða um hinn mikla geim. Þar sem raunvísindi hefðu ekki staðfest annan hraða meiri en ljós-hraða og hann væri ekki nægur til ferða í slíkri víðáttu, yrði þá að benda á annað í staðinn, ella væri kenningin í uppnámi. Hver sem lesið hefur Nýal sér af bragði að þarna er farið á hundavaði í málflutningi. Eitt af því sem dr. Helgi undirstrikaði mjög í sínum útskýringum var, að ljóshraðinn væri snigilseinn til svona ferða og benti svo sannarlega á annan hraða, sem alltaf hefði verið til staðar og hann byggði kenningar sínar ekki hvað síst á. Dr. Helgi var afar ólíklegur til að lenda í uppnámi með sínar kenningar á miðri leið. Það er því tölувvert undir meðallagi að ætla að læða slíku að fólk. Við slíkt má ekki bendla háskólann þó að hver einstakur hafi rétt til að slá mælistiku á sjálfan sig.

Auglýsing frá Skákprenti

LÍFHEIMAR DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



Ingvar Agnarsson

Verð beint frá útgefanda kr. 2.600.- (bókabúðaverð er kr. 2.900,-). Bókin er allfjölbreytt að efni og skiptist eftir því í nokkra aðalkafla þ.á.m.: Lífheimar draumanna — Lífheimar alheimsins; Lífstefnudraumar; Sambandsstöðvar í draumi; Himinsýnir í draumi; Landslag og svif í lofti; Draumar um listir; Sérkennilegt útlit manna; Helstefnu-draumar; Jarðfræðilegir draumar.

Bókin er 224 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 62 myndir og teikningar. Útgefandi **Skákprent**, Dugguvogi 23, Reykjavík, Pósthólf 1179, Símar 31975, 31391 og 31335. Fax 31399.

ÖNNUR ERINDI OG GREINAR

Þorsteinn Guðjónsson:

Draumar: „Ég er annar maður“

Framandi endurminningar í draumi

Ekki verður gengið fram hjá þeirri staðreynd, að munur er á draumlifi manna, umfram það sem stilliáhrif og dagleg reynsla gæti átt þátt í. Má ætla að annaðhvort erfðir eða kjör fólks í æsku, uppeldisáhrif sem verða að langvarandi stilliáhrifum, séu þarna orsakaþættir. En hvað sem slíku líður, þá verður mér um leið og ég nefni þetta, til þess hugsað, hvað þetta er augljóst, að í draumi er ég annar maður.

Gerði, konu mína, dreymdi að morgni þess 26. febr. (var henni ekki vel ljóst eftir á hvort verið hefði hugsun eða draumur, en við nánari athugun virtist okkur öruggt, að draumur hefði verið), að kvíknað væri í, og væri verið að hugsa um undankomuleiðir, m.a. það að sparka upp hurð. Hvarflaði það að henni, hvort rétt væri að gera það eða ekki. Jafnframt þessu þótti henni sem hún hefði *endurminningu* um slíkan atburð, og er þá komið að því, sem gaf mér ástæðu til að geta um þetta draumtilvik. Það hefur alloft komið fyrir hjá henni, þegar hún hefur verið í draumi að skoða einhvern grip eða flík eða húsakynni, að þá hefur hún haft greinilega endurminningu um annað af því tagi í draumnum. Þegar hún vaknaði, varð henni jafnan ljóst, að hún átti engar slíkar endurminningar. Augljóst er í slíkum dænum, að það voru endurminningar draumgjafans, sem henni þótti um stund vera sínar eigin.

Til samanburðar mætti lesa kaflann: Langsögulegir draumar, í *Tunglsgeislum* Þorsteins Jónssonar s. 143.

Draum-minningar og endurburðartrúin

Í ofangreindri athugun felst m.a. lausnin á gátu endurburðar-trúarinnar. Sú gáta og sá misskilningur byggist á því, að endurminningar sambandsgjafans verða ráðandi í huga hins „dulræna“, þ.e. sambandsþegans. Þegar hann vaknar, heldur hann að þetta hafi verið sínar eigin minningar. Þegar hann sér að þær geta ekki átt heima í núverandi lífi hans, grípur hann til hugmyndarinnar um endurburð.

Góður maður segir mér eftirfarandi sögu frá Grikklandi, úr safni Guðmundar Einarssonar verkfræðings og spíritista: Sveinbarn nokkurt var óvenju bráðþroska og var sem vissi fullorðins manns viti og meir en það; nefndi sig nafni sem enginn hafði gefið því og rakti ævisögu sína eins og fullorðinn maður en þó ekki aldraður hefði gert: nefnir nafn þorpsins þar sem hann þóttist hafa lifað ævi sína, og lýsir landslagi þar og öðru; komast menn að því með rannsókn að þetta þorp er til, og síðan er farið með drenginn þangað og lýsir hann mörgu og kannast við allt, en þorpsbúar kannast við sögu hans, og reynist sá maður sem drengurinn segist vera hafa verið höfðingi í þorpinu, láttinn. Einn maður reynir þó að dyljast við, en þá segir barnið: „En af hverju myrtir þú mig?“ Hinn ber á móti, en þá er farið í kirkjugarðinn, líkið grafið upp, og sannast þá morðið ámanninn.

Petta er ævintýraleg saga, en gerum ráð fyrir að hún sé sönn; ekkert mælir á móti því, að hún geti hafa gerst, frá sjónarmiði Nýalskenningar. Góðvinur minn sagði við mig: „þarna hefur eitthvað mjög merkilegt verið að gerast“, og gat ég af heilum hug tekið undir það. En hvernig á að skýra þetta.

Menn voru ekki í vandræðum með að skýra það lengi vel, að sólin kemur upp á morgnana og sest á kvöldin. „Smámunir“ eins og óregluleg ganga reikistjarna og tungls, og þó allrasist snúningur hinnar víðu himinhvelfingar trufluðu ekki sannfæringu þeirra um kyrrstöðu jarðar og það, að allir hlutir miðuðust við hana. Eins eru margir of fljótir til þess enn þann dag í dag að botna sögur eins og þessa með eldfornum hugmyndum um endurburð.

Skýring á endurburðartrú, fornri og nýrri

Þegar litið er á dæmi eins og þessi út frá sjónarmiði hinnar nýju líffræði doktors Helga og út frá minningafræði, kemur annað í ljós. Þegar maðurinn deyr, flyst afslvæði hans yfir á annan hnött; annað afslvæði sterkara dregur það til sína, og þar fer nýr líkami að byggjast upp. „Maðurinn er ekkert annað en minningarnar“ segir Þorsteinn Jónsson. Samkvæmt minningasafni úr frumlífi byggist upp nýr líkami, og maðurinn man alla ævi sína. Hinar góðu minningar til þess að gera þær varanlegar, hinar leiðu til þess að leiðréttu það, sem rangt var, og losna við það.

Dæmi eins og það sem sagt er af grískra drengnum er alveg hliðstætt því sem segir í Ennýal af stúlkunni „a“ dóttur hjónanna „A“, sem þau misstu, en eftir heimsókn þeirra til hjónanna „B“ fékk dóttirin, „b“ að fara heim með hjónunum A, og þekkti hún þá allt hjá þessum „foreldrum sínum“.

„En þó gat þarna vitanlega ekki verið um endurburð að ræða“, segir dr. Helgi og bætir við: „Skýringin á þessu er sú, að fyrir stilliáhrif foreldranna A, fer sál dótturinnar a í dótturina b, sem miðil, en hennar eigin sál verður að þoka, og miðilsástand þetta verður fast, kroniskt“.

Munurinn er aðeins sá, að í dæminu frá Ochorovicz er hin framliðna, minningagjafinn, nánast jafnaldri minningabegans, en í grískra dæminu virðist hafa verið um „halatengd“ æviskeið að ræða: þorpshöfðinginn dreppinn, áður en drengurinn fæddist. — En engin rök eru til að ætla að sá drengur hafi fengið í sig minningar höfðingjans dreppna á allan hátt en lifandi stúlkan fékk í sig minningar hinnar látnu stúlku.

Það sem á að verða, og mundi verða, ef sönn heimsspeki réði stefnunni, væri, að menn skildu, að um sambandsfyrirbæri er að ræða, „varanlegt (króniskt) samband“, og gætu því farið að leita eftir núverandi ástæðum hins framliðna. Minningaupprifjunin í gegnum miðil, hvort sem er á vegum endurburðarhyggjunnar eða „sannanaleitar“ spiritismans, er aðeins byrjunin á því stórkostlega sambandi milli frumlífs og framlífs, sem hin mesta nauðsyn er að koma á.

Dæmi til samanburðar

Hreinn Steingrímsson, tónlistarmaður, sagði einu sinni mjög fróðlega frá endurminninga-draumreynslu sinni, á Nýalssinnafundi fyrir mörgum árum. Var það lífstefnu-draumur af besta tagi, en þó bar það frá, hvað endurminningar, *úr því lífi*, voru skýrar í draumvitund hans: mundi hann ilm í lofti og að hafa skynjað ástand loftsins; birta og ýmsar skynjanir aðrar komu einnig við sögu — en aðalatriðið í frásögn hans var þetta, að honum var vel ljóst, að þetta voru endurminningar, en var ekki að gerast á sömu stundu, auk þess sem honum varð ljóst, að þetta var allt draumgjafans en ekki hans sjálfs. „Þetta var samt alveg eins skýrt og í vöku væri, og þó enn skýrara og magnaðra en nokkurn-tíma í vöku“, endurtók Hreinn í samtali við mig nýlega, þegar við rifjuðum upp þessa gömlu frásögn hans, sem hann staðfestir. Hann mundi að heyrn eða tónar höfðu ekki verið í þessum draumi, og er þar athyglisvert, að það áhugamál hans sjálfs, sem tónar eru, var ekki með.

Aðgreining skynjunar og endurminningar

Að aðgreina hina beinu vöku-skynjun frá því að „setja sér fyrir sjónir“, þ.e. að aðgreina skynjun og endurminningu, er það sem kalla má fyrsta skrefið í átt að draumarannsókn hjá Helga Pjeturss. Þetta er undirstöðuatriði, og án þess getur naumast orðið neitt öryggi í framhaldi rannsóknarinnar, hjá hverjum einum. „Allt endurminningakennt er miklu veikara í draumi en vöku“ segir Helgi, eins og líka rétt er, oftast nær. En þegar menn eru farnir að skilja sambandseðli drauma, kemur í ljós að draumgjafinn getur haft sínar endurminningar, sem magnast stórlægum upplifunum á hinum æðra stigi, og koma skýrt fram í vitundinni, eins og ofangreind dæmi bera glöggan vott um.

Þorsteinn Guðjónsson.

Helgi Pjeturss:

Íslenskt takmark

I.

Ingólfur landnámsmaður, slíkur sem Einar Jónsson sýnir oss hann á Arnarhóli, lítur út eins og maður, sem hefur sett sér takmark. Og Íslendingar þurfa að líkja eftir þessum föður þjóðarinnar, og setja sér takmark. Og þjóðartakmarkið á að vera það, að nema aftur Norðurlönd, fyrir norræna tungu — það er íslensku —, og norræna menningu, og raunar mest þá, sem er ekki ennþá, en þarf að verða, og getur ekki orðið, ef norrænt mál líður undir lok.

II.


Hin íslenska þjóð er nú lítils metin úti í löndum, og jafnvel á Norðurlöndum, þó að nánustu frændurnir séu þar. Og er við því að búast. Vér erum svo fáir, og það, sem er ennþá miklu verra, svo ósamtaka. Og hér á landi hefir verið svo sem tíu sinnum erfiðara að þrífast en í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. — En að þessu hefir ekki verið gætt sem skyldi. Sambandssjóðurinn hefði ef til vill, orðið svo sem tíu sinnum ríflegri, ef það hefði verið gert. — Vér verðum að kenna heiminum að hafa þjóð vora í meiri metum. Og aðferðin til þess er sú, að kenna öllum að skilja, hvaða gagn má af henni hafa. Einnig frændþjóðir vorar á Norðurlöndum, sem eru svo mannmargar og máttugar, í samanburði við oss, eru af stórbjóðunum lítils metnar, hjá því sem byrfti að vera. En svo mun ekki verða, þegar Norðurlandaþjóðirnar fara að skilja sitt hlutverk. En það verður að byrja á því, að Íslendingar skilji sitt. Og það sem vér verðum að byrja á, er að koma þeim skilningi fram, að hver maður á Norðurlöndum, sem menntaður vill heita, verði að geta lesið

Norðurlandasögu Snorra á frummálinu. Og úr því munu engin vandræði verða, að fá menn til að skilja, að á Íslandi er enn þann dag í dag, ritað sama málið, sem á Heimskringlu er.

III.

Ef vér tökum í þessu máli rétta stefnu, þá munu íslenskar bækur verða lesnar um öll Norðurlönd, og víða þar sem byggir það fólk, sem af Norðurlöndum er ættað. Og það mun margt merkilegra og þýðingarmeira verða ritað á íslensku en oss grunar nú, — einnig í nótum — þegar ekki bagar eins og nú, smáþjóðarskapurinn, vantraustið, fylgiseysið, og ekki stefnir í þessu þjóðfélagi, eins og hingað til hefir viljað vera svo oft, að því, að afmá snillinga þjóðarinnar, þjóðinni allri til hins mesta tjóns.

29. mars '24, Ennyall.




Tunglbaugar eru sama eðlis og regnboginn og eru fagrir á að líta. Stundum eru þeir litlausir, en stundum í öllum regnbogans litum.

Þorsteinn Guðjónsson:

Mannsmyndin — grundvallarform í tilverunni

Alls ólíklegt er, að stjarnfræðileg nálægð sólhverfa hafi nokkur úrslitaáhrif á það, hvaða mótt lífsmyndirnar taka á sig. Samanber til dæmis það, að frumefnir eru alls staðar hin sömu. Það mætti telja mörg rök fyrir því, líffræðileg, að mannsmyndin sé grundvallarform í tilverunni, miklu meir en t.d. hestmyndin eða músarmyndin. Hin fyrstu spendýr voru líkari manni en mús, og hin fyrstu froskdýr á landi höfðu sköpulag, sem undireins minnir á manninn, en er ólíkt þeim skriðdýrum og froskdýrum, sem síðar komu fram. Hinn rauði þráður eða bein lína ættartölu lífsins á jörðu hér fylgir drögunum til mannsmyndar furðu nákvæmlega. Og í ljósi lífsambandsins er öll ástæða til að ætla, að þeim drögum hafi verið mjög víða verið fylgt. Kenning biblíunnar um það, að guð hafi skapað manninn í sinni mynd, fær eindreginn og óvæntan stuðning af því, sem stjornulífraðin hefur til málanna að leggja, um fram þróun lífsins á hinum óteljandi hnöttum.

Úr bókinni „Guðirnir á Sírusi“, úr eftirmála P.G. sem þyddi og gaf út árið 1978.



„Lif er ekki lif til fulls, fyrr en það er sama sem farsæld.“

H.P.

Þorsteinn Guðjónsson:

Skáldið Egill, kvæðin og sagan

„Harðsnúið lið“ sérfræðinga og áróðursfræðinga vinnur nú að áætlun um að koma á þeirri trú, að saga Egils Skallagrímssonar sé tilbúningur einn, að Egill hafi ekki ort kvæði þau sem honum eru kennd, heldur söguhöfundurinn, og á það að fylgja í kaupbæti, að „Egill hafi aldrei verið til“. Í „Pjóðarþeli“ útvarpsins, sem oft er þó vel hlustandi á, var ympað á því 21. jan. að Egill muni geðveikur vera hafa, haldinn ofsóknarbrjálæði o.s.frv. En hvernig maður, sem aldrei var til, gat þó verið brjálaður, virðist næsta torrádin gáta.

Í formála sínum að Egilssögu (1933) gerir Sigurður Nordal grein fyrir sambandi vínsna og kvæða við söguna. Telur hann í fáeinum atriðum ósamræmi milli atburða í vísum og sögu, en það ósamræmi hefði falsari, sem laug upp vísum til að styrkja sögu sína, aldrei látið koma fyrir.

Eiginlegir fræðimenn munu aldrei geta trúað því, að Snorri hefði farið að vitna í dæmi úr þannig tilbúnum skáldskap í bókmenntasögu-ritgerð eins og Skáldskaparmálum. Snorri vildi „ekki á bækur setja vitnislausar sögur“, þ.e. heimildarlausar, og því síður hefði honum komið til hugar að ljúga upp vísum.

Í sambandi við það, sem þó er að nokkru leyti annað mál: „hvernig menn hafi komist í þá aðstöðu að verða mikilmenni í samtíð sinni. Egill var hermaður, og hermennskan er ekki beinlínis til þess fallin að rækta með mönnum mildi og miskunn. Þess má þó sjá glögg merki í kvæðunum, að þýðir og mildir drættir eru til í eðli hans. Hann dáir jafnvel Arinbjörn vin sinn fyrir að vera „veklinga töс“: hlífiskjöldur lítilmagna. Vísan „Skalat maðr rúnar rista“ er merkileg frumheimild um „fyrsta huglækninn“ í sögu vorri.

Tíminn 2. febrúar 1993.

Þorsteinn Guðjónsson:

„Ef undirvitundin vill“

Hafi ég rétt skilið mannlegt eðli, eins og það birtist vor á meðal á vorum dögum, og þó einkum kvenlegt eðli, má búast við því, að aðsókn að geðlækninum Jakobi Jónassyni eigi eftir að aukast verulega á næstu vikum, eftir að hann kom fram í „Laufskála“ fyrstu rásar Útvarpsins 14. janúar 1993. Mátulega harður í dóumum um dulfræði og þó mátulega dularfullur sjálfur, telur læknirinn að hægt sé að „komast í samband við undirvitundina“ í hverjum manni, ef sjúklingurinn vill sjálfur og „ef undirvitundin vill“. Sannar þetta orðalag J. J., sem hann margendurtók, kenningu mína um ætterni undirvitundarinnar; hún er andi sem varð innlyksa í mannslíkamanum eftir að „loftandar“ voru útlægir gjörvir. Hvað sem undirvitundarsinnar sverja af sér í öðru orðinu, þá tala þeir jafnan um undirvitund sem persónugerving, ef ekki hreint og beint persónu með sjálfstæðan vilja og minningasafn, aðgreint frá eigin persónu mannsins. Og það er einmitt þessi dularfulli „andi“ sem Bergljót í Laufskálanum spurði geðlækninn svo nærgöngulla spurninga um, en hann vill fara að veiða upp úr henni með dáleiðslu.

Það er svo sem auðvitað, að fræðigrein sem stunduð hefur verið af afli nokkuð á aðra öld — og af þörf, því að geðveiki er ekkert barnagaman — af hinum lærðustu mönnum, er ekki eintóm vitleysa, og mátti heyra ýmis fróðleg dæmi þessa í spjalli dr. Jakobs. Margar nánar hliðstæður við endurminningadæmi hans má reyndar finna í þeirri grein íslenskrar heimspeki, sem nefnist minningafræði, kennd við Þorstein Jónsson. „Maðurinn er ekkert annað en endurminningin,“ segir P. J. og þekki ég ekkert dæmi úr minn-

inga-geðfræðum sem ekki rúmast innan skilningsramma hans. Til dæmis þetta, sem rann upp fyrir sálfræðingnum C. G. Jung, þegar honum fannst hann vera hrifinn upp af fljúgandi disk og fara með geimferðahraða yfir jörðinni (5—10 árum áður en síkt komst á). Þá fann C. G. Jung, að hann var ekkert annað en minningarnar, en náttúrulega skildi hann ekki framhaldið, sem er það, að afslvæði minninganna tekur á sig efnismynd á nýjum stað, þegar maðurinn er að fullu skilinn við á þessari jörð.

Þykir mér það mál allt miklu merkilegra og áhugaverðara en að láta sálfræðing pota í endurminningar fólks, fornar og nýjar með dáleiðslu, sem gera mundi hann að *stilli* gagnvart því. Aldrei mundi ég leyfa síkt og ekki einu sinni undirvitund míni, enda engin til.

Í stað „anda“ kemur ekki undirvitund og ekki klofningsvitund og ekki einu sinni „klof“, ættað frá Vínarborg, heldur samband við draumgjafa. Þegar sálfræðingar hafa látið sér skiljast á þann veg, munu þeir vissulega geta stundað fræðigrein sína með sóma.

Mbl. 2. 2. 1993.



Samband við framliðna er er sama sem samband við menn á öðrum stjörnum.

H.P.

Ingvar Agnarsson:

Hindrun lífsambands?

Ég lá á Borgarspítala. Klukkan var 8.30 um morgun. Enn grúfði myrkur yfir öllu. Ég sá yfir Fossvogsdalinn og horfði á mikinn fjölda bifreiða, sem ók með fullum ljósum eftir Hafnarfjarðarveginum, áleiðis til Reykjavíkur.

Mér fannst þetta vera fögur sýn og í bili heillaðist ég af henni. En svo fór ég að hugsa um, hvílík ósköp af bensíni þyrfti, til að geta ekið og haldið úti þessum mikla bílaflota. Og enn hugsaði ég að þetta allt byggðist að mestu á drápi milljóna af fiskum, sem lifðu umhverfis land okkar, og sú tilfinning fyllti nú huga minn, hve illa við værum settir, að geta ekki veitt okkur þennan munað, nema með ástundun svo grimmdarlegs athæfis.

Og nú skaut upp í huga mér með auknum styrk, eftirfarandi spurningu, og líklega svo til orðrétttri, eins og hún verður hér eftir höfð:

„Getum við Íslendingar vænst þess, að verða forustuþjóð í lífsambandsmálum, á meðan við erum tilneyddir, að stunda grimmdarfullar veiðar sjávardýra, okkur til framfærис og munaðar?“

Nokkuð varð ég undrandi yfir þessari nýju hugsun, sem mér hafði borist svo óvænt í spurnarformi. Og mér fannst í raun, sem væri hún mér aðsend að fjarhrifaleiðum.

Vafalaust hefur mér orðið hugsað á þessa leið, einhvern tíma áður, en aldrei fyrr þannig að hugur minn hafi orðið altekinn sem nú.

Og þar sem ég nú horfði enn á uppljómaða bílaröðina á veginum, þá fylltist hugur minn hálfgerðri hryggð yfir þeirri slæmu aðstöðu, sem þjóð okkar, sem heild, yrði að sætta sig við, ef þessi illi atvinnuvegur yrði til þess að hamla gegn því mikilvæga hlutverki, sem okkur væri ætlað að ná, til þess að hér gæti skapast betri heimur vegna bættra sambanda við lengra komnar máttarverur annarsstaðar í ríki stjarnanna.

Borgarspítala, 12. 10. 1990.



„Ný jarðold mun hefjast, þegar á vorri jörð verður á vísindalegan hátt
farið að stunda samband við lífið á stjörnunum.“

Helgi Pjeturss (Sannýal III; bls. 228).

LJÓÐ

Benedikt Gröndal:

Hugfró (Brot)

Of lítil ertu, jörð, ég frá þér flýg,
flugstyrkum vil ég sveifla hugar væng;
ég út í geiminn ólmum fetum stíg,
undursamlega bý mér jötunsæng.

Frá Alkyónes undurskæru sól,
þar alheims menn kveða þungamiðju standa,
um heimsins endalausa stjörnustól
stríðfleygan þjóta læt ég anda.

Pá hverfur tímans rúm, og rúmsins eyðist stund,
og reginbjartir hnettir áfram líða;
þar hneigist dagur ei að blíðum blund,
þar bregður aldrei fyrir deiling tíða;
á endalausum alverunnar beð
alvaldur stillti sigurverkið fríða,
sem enginn les, en allir fá þó séð,
því alheims rúnir felast mökkvum hríða.

Hér brennur sól við sól í breiðum bogum,
og brunar æ um settan veltihring,
og sveipar hnetti silfurbláum logum
snúðugt þjótandi ljósa herfylking.

Hér þjóta tvær og þrjár um sama hvel,
er þreytast ei að kljúfa skýja-hylji,
og kringum þær er gullið jörmunél,
sem jöfurs himna sáði meginvilji;

Til þín, þú litla jörð, ég aftur ofan lið
frá ægiheimi ljóssins dýrðarsala;
til þinna grunda og til þinna dala
ég þoka mér, þar brosir án fríð.

Finnbogi R. Guðmundsson:

Friðarleit

(Brot)

Sál míن mun halda sitt hefðbundna skeið
í hamingjuleit sinni að frið,
en það er nú alls ekki auðfundin leið
því oft verður þreytandi bið.
Hvað skuldar þú, sál, eftir skref þín á jörð
og hver er þín málsbótar gjörð?

Ingólfur Jónsson frá Prestbakka:

Ljóð

Ljóð mitt er lauf
leikfang vindanna.
Ég veit hvorki
hvert það fer
né hvort það lifir.

Ljóð mitt er lauf
leikfang vindanna.

Klifur um kletta

I.

Ég þóttist vera á gangi ásamt tveim vinum mínum (sem ég rangþýddi ekki fyrir neina mér kunna úr vöku). Lá leiðin fyrst um fremur slétt landsvæði, en brátt fór leiðin að verða úfnari og allmiklu brattari en áður og allt upp í móti. Allt gekk þetta samt vel. Þegar upp var komið lá leið okkar fyrst um lárétt land en svo fór því að halla niður á við og komum loks að sjávarströndu. Þar blasti við mikið haf, og sá ég að nálægt sjónum voru víða hús á stangli. Þótti mér við ljúka þarna einhverjum erindum en héldum svo til baka og ætluðum að fara aðra leið en við höfðum komið. Fórum við fyrst upp snarbrattar skriður, en síðan upp illkleifa kletta. Urðu félagar míni tveir á undan. Varð ég að gæta allrar varúðar til að hrapa ekki.

Nokkuð tók ég eftir klettum þessum, sem leið okkar lá um. Þetta virtist allt vera brunnið grjót, heldur laust í sér, og litur bergsins var ýmist svartur, brúnn eða rauður að meginhluta. Mjög var bergið hrjúft viðkomu, líkt og heldur úfið móberg. Stóðu úfnir kambar út úr því víða, en sléttara berg á milli þeirra og reyndum við að klöngrast upp eftir því á milli þessara grófu klepra.

Alllengi þótti mér standa yfir þetta klifur okkar, en loks vorum við komnir úr allri verulegri hættu og þóttist ég þá verða alls hugar feginn. Var ég orðinn móður mjög. Lá nú leiðin enn um stund nokkuð upp á móti, en loks fór að halla undan fæti.

Áður en draumi lauk vorum við komnir á landssvæði, þar sem sá yfir tjarnir, stórar og smáar, en gróðurlendi á milli. Fannst mér landslag allt vera hér milt og aðlaðandi.


Endaði hér draumur, og var ég fullur einhvers konar feginleikatilfinningar og gleði á meðan ég var að vakna, rétt eins og væri ég nýsloppinn úr mikilli hættu og erfiði og væri nú kominn á fragan og öruggan stað.

II.

Mjög sýnist mér draumur þessi „jarðneskur“ í öllum meginatriðum og get ég í raun ekki séð, að í honum sé neitt það er beinlínis bendi til ákveðins sambands við annan hnött. Ekkert mælir samt á móti því að svo kunni að vera, því víða á öðrum hnöttum munu aðstæður vera mjög hliðstæðar þeim, sem hér er af að segja. Sambandsvinur minn, draumgjafinn að þessu sinni, gæti því verið hvort heldur sem er, íbúi annarrar jarðstjörnu í öðru sólhverfi (og hygg ég helst að svo muni vera) eða þá að hann sé einn af samstirningum okkar hér.

(542)

*Ingvar Agnarsson
(Dreymt 18. apríl 1990)*



Mennirnir þurfa að vita af frændum sínum á öðrum jarðstjörnum og kynnast þeim.
H.P. (F. 265).

Draumsýn og stilliáhrif

„Mánudaginn 11. jan. '93 kom V. A. til míni og sagði mér frá áliti P.G. á því, hverskonar fjarsamböndum J. B. H. væri í, þegar hann er að beita sér fyrir EES-málum, og að þar mundi vera um að ræða áhrif frá veru í miður góðum stað. Rétt eftir að V. A. fór, sótti að mér höfgi, og ég lagðist upp í rúm. Ég skynjaði mann, háan, dökkhærðan með svarta skeggbrodda, líkt og hann hefði ekki rakað sig í nokkra daga. Stóð hann úti á miðju gólfí í nokkurskonar sal, þar sem fjöldi manna var samankomin og hlustaði á málflutning þessa dökkhærða manns, sem virtist vera mjög œstur. Mér stóð stuggur af manninum, og virtist mér hann vera að vísu ekki drukkinn, en þó drykkjumannslegur að sjá. Hann talaði og talaði með frekju og látum, en enginn annar lagði þarna orð í belg. Ég þori ekki að fara með, hvað hann var að segja, hugsanlega þó stjórnmál, en mér þótti ræðan vera blönduð blótsyrðum. Mér þótti þetta vera maður sem vildi ráða, ráðríkur maður, maður sem sveifst einskis, og leið mér allt annað en vel. Ég var góða stund að ná mér upp úr þessu á eftir. Sofnaði þó vel um kvöldið. R. A. sagði fyrir; V. A. skráði og ætlar V. A. að stilliáhrif frá sér og P. G. (sem hann átti tal við rétt áður, hafði valdið draumnum).“

Athugasemdir draumfræðings: Þeir eru orðnir svo margir hér á landi, sem kunna einhver skil á kenningunni um eðli drauma — enda þótt þeir komi ekki enn fram undir nafni — að það ætti í stuttu máli að mega reyna að skýra drauminn á þeirri undirstöðu. Ég bendi fyrst á það, að „ræðumaðurinn“ í draumnum er alls ekki J. B. H., heldur allt annar maður, og er þetta eitt af frumatriðunum í draumarannsókn, að taka eftir því að staðir, hlutir og menn eru öðruvísir

en þeir „eiga“ að vera, samkvæmt vökuveruleikanum. En hliðstæður virðast allmargar með þeim, bæði hvað manngerð og geðslag snertir, og einnig virðast skyldir atburðir vera að gerast hjá báðum; það ætla ég, að draum-Jón þessi sé einhverskonar stjórnálamaður á annarri jörð, skyldri þessari, og standi þar í svipaðri, vafasamri baráttu og J. B. H. hér hjá oss; atburðarásirnar eru furðulega skyldar, og samtímun náiin, enda þótt hvergi sé um hreina endurtekningu að ræða. Virðist líklegt, að báðir hafi haft sitt fram, hvor á sínum hnetti, og þó ekki víst, að ánægjan af „sigrum“ sé óblandin. Svo mikið er víst, að t.d. ég, sem hafði horft með mestu óbeit fram til þessarar samþykkтар, fann ekki til neinna óskemmtilegra áhrifa næst á eftir, sbr. það sem sagði í frásögn R. A. hér að ofan, að hún sofnaði vel um kvöldið, þrátt fyrir hina óskemmtilegu reynslu.

„Far þú nú, fundinn ertu“ segir á fornri rúnaristu, þar sem sjúkdómsvaldurinn *Gyrill sárþvara* er svo ávarpaður. Hvað sem menn vilja segja um þá lækningaaðferð, þá ætla ég, að það sé allmikils vert, að *ástæðingur* (samskonar maður í samskonar framvinduferli) utanríkisráðherra vors, er nú *fundinn*, með réttri athugun á draumi. Hvorugur þessara manna mun, þrátt fyrir hæfileika sína og völd, vera fær um að gera sér grein fyrir sambandi eins og þessu. Þessi vangeta þeirra veikir þá. Héðan af verða þeir annaðhvort að leiða hugann að því sem hér var sagt — eða sjá áhrif sín þverra, smám saman.



Maðurinn á miklu stórkostlegri framtíð í vændum en kent hefur verið í nokkrum trúarbrögðum.

H.P. (N.- 287)

Framliðin kona í draumi

I.

Aðfaranótt 2. febrúar 1983, dreymdi mig eftirfarandi draum: Mér þótti ég vera stödd á ókunnum stað ásamt frænku minni, nákominni.

Þarna var gróðurvana og mjög afmarkað svæði þar sem við stóðum hlið við hlið. Skammt frá okkur sáum við unga stúlku í hjúkrunarkvenna klæðum með „kappa“ yfir höfði. Við hlið hennar stóð drengur, á að giska 11—12 ára, og hafði hún lagt handlegginn yfir herðar hans.

Hún horfði brosandi til okkar, en sagði ekkert. Ég var alveg forviða því ég vissi að hún var dáin.

Engin orð fara á milli okkar, en ég næstum hrópa í gleði minni og segi við frænku mína: „Sjáðu, sjáðu, hún er að sýna okkur að hún lifi.“ Hún svarar aðeins: „Já, ég sé“. Draumurinn var ekki lengri.

II.

Þessi unga stúlka var dóttir konunnar sem með mér var, og hafði verið hjúkrunarkona á meðan hún lifði og starfaði „hérna megin.“ Hún var dáð af öllum sem kynntust henni. Hún lést á sviplegan hátt, á besta aldri 2. febrúar 1971.

Dreymt 2. febrúar 1983

Svava Jónsdóttir

Snævi þakin fjöll

I.


Mig dreymdi. Ég stóð úti á víðavangi og horfði á fjöll í fjarska. Voru þar tvö fjöll, aðskilin. Þótti mér annað vera eldfjall en hitt af annarri gerð. Bæði voru þau hvít, eins og væru þau snævi þakin og bar við heiðan himin. En landið milli mín og fjallanna, var nær autt og með brúnum blæ.

Þótti mér þetta landslag fagurt, og stóð ég stundarkorn, og virti fyrir mér þessi fjarlægu fjöll, uns draumsambandið rofnaði, og ég vaknaði.

II.

Mjög var þessi draumsýn skýr og þýddi ég hana ekki fyrir neitt, sem mér er kunnugt úr vöku.

Vel gætu þessi draumséðu fjöll verið til á okkar jörð og jafnvel á okkar landi, þótti ekki kannist ég við þau, en eins



Draumsýn til fjallanna snævíþöktu.

mætti hugsa sér, að þau séu á einhverjum öðrum byggðum hnerti, því erfitt er jafnan að vita um upprunastað drauma.

Allt sem við sjáum skýrt í draumi, mun einhvers staðar vera til, í ríki náttúrunnar, nær eða fjær.

Engar draumsýnir verða til án áhrifa frá draumgjafa, sem virkur er og vakandi á þeirri sömu stundu, sem draumurinn gerist. Allir draumar munu því vera raunverulegir samtíma-atburðir.

Menn gætu reynt, að hafa þennan skilning í huga, þegar þeir rifja upp drauma sína, og mundi þeim þá finnast draumar stórum merkilegri en ella.

(13)

(Dreymt 22. apríl 1980)

Ingvar Agnarsson.



Almenn stilliáhrif ráða miklu um drauma manna.

Sérkennilegur draumur

Í nóvemberbyrjun gekkst ég undir tvær læknisaðgerðir á Borgarspítalanum. Nokkrum dögum eftir síðari aðgerðina dreymdi mig, að ég væri á gangi niðri í bæ í góðu veðri, og mætti þá gömlum vini og spilafélaga, sem lést fyrir nokkrum árum. Ég gerði mér grein fyrir því að ég hefði verið á sjúkrahúsi, og spurði því vin minn glettnislega, hvort hann væri kominn til að sækja mig. Hann brosti, en sagði ekkert. Gengum við síðan samhliða um stund eftir Lækjargötu. — Pellar ég hugðist kveðja vin minn með því að klappa á herðar honum, uppgötvaði ég, að engan líkama var að finna. Hönd mín fór í gegn! Ég prófaði nokkrum sinnum, en fann þó enga fyrirstöðu.

Í sama bili vaknaði ég í sjúkrarúmi mínu.

*Dreymt 18. II. 1992.
Birgir Sigurðsson.*

Eðli framlífssýnar

Skemmtileg frásögn Birgis Sig. ofar á þessari bls. minnir mig á atvik með Sigurrósu miðli, að Álfhólsvegi 121 um 1980. Fundur (hjá Sveini) hafði tekist í besta lagi, og Sigurrós var sael. „Sérðu ekki blessaða geislana, Þorsteinn minn, þeir eru þarna á veggnum andspænis okkur,“ sagði hún við mig. Ég tók öllu vel, en þóttist þó vita nokkuð sem hún vissi ekki og bar höndina fyrir augu hennar, svo sem 30-40 sm frá þeim. „Hvar eru þeir nú?“ spurði ég. „Peir eru á lófanum“, svaraði hún, eins og ekki alveg mótpróalaust. „Sýnin var í auganu“ — en reyndar fyrir samband við fullkomnara tilverustig, og þaðan stafaði þessi hrifning, sem gagntók hug gömlu konunnar. — Hefði ég nú farið með stóra veifu á stöng að „geislunum á veggnum“, má ætla að hún hefði „farið í gegnum þá“ eins og ekkert væri.

Nú víkur sögunni að draumgjafa Birgis — ekki að framliðna vini hans, heldur hinum, sem meðvitund Birgis sjálfss blandast við. Draumgjafinn grípur hendi, líkamlegri hendi auðvitað, til hins framliðna. En þar er þá enginn. Og þó sér hann þennan mann eins og hann standi hjá sér.

Tilgáta míн er sú, að draumgjafi Birgis, eflaust framliðinn, hafi séð vin hans í fjarsýn (sambandssýn), en ekki á staðnum þar sem hann var staddur.

Merkileg framlífsheyrn

Pegar ég hitti Jóhannes Áskelsson jarðfræðing í síðasta sinn, það var á Amtmannsstígnum árið 1961, sagði hann mér í trúnaði frá stuttum draumi, sem hann hafði þá nýdreymt: Hann þóttist mæta Helga Pjeturss, sem rétti honum höndina og sagði „Komdu sæll“. Meira var það nú ekki. — Ég giska á, að Helgi hafi sagt þessi orð við einhvern sér næurstaddan, miðil mætti segja, en það girðir engan veginn fyrir, að hann hafi *ætlað* Jóhannesi kveðjuna.

Jóhannes hermdi eftir hinni sérkennilegu rödd Helga, eilítið spotskur á svip, þegar hann hafði yfir þessi tvö orð, en þeir Helgi voru nákunnugir. En þegar Jóhannes bað mig fyrir drauminn, þóttist ég vita, að hann teldi hann fyrir feigð sinni.

Jóhannes lést nokkrum vikum síðar.

PG.

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 18. 5. 1992.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Swedenborg.

Helgi Pjeturss.

Hér er samband.

Swedenborg hinn sænski.

Íslendingar góðir.

Heil og sæl.

Frá annarri jarðstjörnu þá tala ég til ykkar stutta stund, þar sem ég er einn á meðal margra framliðinna sænskra og annarra norrænna manna að hugsa til Íslands. Þess lands sem er aflstöð merkileg mjög og enn öflugri mun sú aflstöð verða, er fram líða stundir. Munu jarðarbúar þar njóta góðs af í vaxandi mæli og vissulega er ekki að ástæðulausu sem Ísland hefur byggst í öndverðu. Það er æðri tilgangur þar falinn, sá, að Ísland verði forystuland, Íslendingar forystubjóð alls mannkyns til fegurri og bjartari framtíðar en með orðum verður lýst. Því um er að ræða gjörbreytingu á mannlegum hugsunarhætti fyrir íslensk áhrif. Meira um það síðar. En það, sem Íslendingar þurfa að sameinast um, er samband við aðrar stjörnur eins og þeim er mögulegt með tilstyrk vísindalegrar þekkingar íslenskrar á því sviði.

Meðan ég var á jörðinni beindist hugur minn til stjarnanna. Vitraðist mér ýmislegt þaðan merkilegt með tilstyrk æðri leiðtoga á annarri stjörnu. Þar er vírir að því, sem koma skal, í enn fullkomnari mynd og allt mannkyn að verða þáttakandi í því æ fullkomnara sambandi við æðra tilverustig lífsins í heimi stjarnanna. Vissulega er hér um að ræða svo stórt stökk fram á við í vísindum og þekkingu, að mannkynið þarf þar sinn tíma. Þó þarf þetta að takast á sem

allra skemgstum tíma, að mannkynið færi sér hina nýju þekkingu í nyt á alheimssambandsmöguleikum mannsins.

En ég hefi margreynt og skynjað fyrr og síðar og það, er komið hefur fram, ýmislegt þar á meðal og notið hefi ég þar að miklu vitrari og miklu stórkostlegri sýngjafa, þannig að ég hefi getað tekið við þessu og dregið ýmsar ályktanir af þeirri reynslu og þeim vitrunum er hafa reynst réttar í öllum aðalatriðum. *Íslendingar mega gera ráð fyrir óvæntum tíðindum af góðum toga og úr óvæntri átt.*

Þakka nú fyrir.

Verið blessuð.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 18. 5. '92.

Miðill: Sveinn Haraldssón.

Fram kom: Sif, Ásynja.

Ég er Sif. Heil og sæl.

Tala til ykkar, Ásynja, sem hér er í *heimsókn í vetrarbraut ykkar* á framlífsjörð. Eru Ásynjur hinar fornu og Æsir goðkynjaðar verur annarar jarðar. Þær vilja hjálpa jarðarbúum á framfara- og þroskabraut og efla með þeim vit og velvild meira en verið hefur og beina framvindu lífsins þar í guðsríkisátt, samstillingar við hið guðlega og fagra líf í alheimi eins og svo mikil nauðsyn er á og eru *Íslendingar þar þeir, er við tengjum mestar vonir við og viljum efla til forystu fyrir lífstefnu og framförum mannkynsins alls*. Veit ég þar er við ramman reip að draga þó, þar sem er ríkjandi um jörð víða helstefnuhugarfarið. Það stillir til hinna verstu sambanda fyrir mannkynið og eykur mjög á erfiðleikana, að magna hér fram hið rétta hugarfar. En eigi skal örvaðta þó og sigur skal vinnast á því, er í ranga átt stefnir. Bægt skal verða burt myrkraöflunum.

Hafið þökk fyrir og verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 1. 6. 1992.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Abraham Lincoln.

Helgi Pjeturss:

Hér er enn samband.

Abraham Lincoln:

Íslendingar, sæl.

Heilsa ykkur frá fjarlægum himinhnetti, er ég í framlífi og uni hag mínum hið besta á þeim hnetti og þeir, er þann hnött byggja, mega teljast eindregnir fylgjendur lífstefnunnar og framfarahugur eigi lítill hér. Er þessi framlífshnöttur hin öflugasta lífstöð ein og vilji milljónanna samstilltur til réttra framfara og réttrar hugsunar. En því réttari sem hugsanirnar verða og háleitara takmarki að er stefnt, því stórkostlegri verða framfarirnar, er samstilltur vilji milljónanna og orka beinist á framfarabraut. Þetta vil ég í fáum orðum segja af okkar hnetti og framvindu lífsins þar og er þó auðvitað mest eftir að segja um hinar stórkostlegu framfarir, er hér er um að ræða, lífstefnumannkyns, er stefnir til samstillingar við ótal önnur lífstefnumannkyn og goðkyn í alheimi.

En þetta mikla háleita takmark, samstilling ótal lifenda alheimsins, óendenleg og æ fullkomnari samstilling lífsins í alheimi er óumræðilega mikilsvert að öllum sé kunnugt og öllum sé ljóst, hve áríðandi er, að unnt sé að komast áleiðis að því takmarki á hverjum hnetti, hverri vetrarbraut og allstaðar á hinum ótolulega fjölda himinhnatta alheimsins. Væri á ykkar jörðu öllum nægilega ljóst, hvert er hið æðsta takmark lífverunnar, væri lokið hörmungum mannkynsins og gerðar ráðstafanir til þess að greiða fyrir guðlegum krafti og leiðsögn frá öðrum hnöttum á vísindalegan hátt með samtökum milljarða jarðarbúa í ljósi þekkingar og skilnings á náttúrulögumálum og lífslögumálum og þekkingu á fjarsambandseðli lífsins. Því er allir þreifa á, er þá dreymir og sofa og magnast af utanaðkomandi orku fjarrænni mjög, er til

jarðar streymir til hvers eins óaflátanlega hverja stund ævinnar og hvert auggnablik. Þetta er nú undirstöðuatriði í alheimsfræði og lífaflsfræði, er enginn má vera ófróður um eða óvitandi um, er skilja vill eðli og tilgang lífsins, höfuðatriðin, að líf jarðarinnar er þáttur í óendalegu alheimslífi.

Það eru fjargeislunaráhrif, er skapa draumlífið og samband við íbúa annarra hnatta. Er þetta undirstöðuuppgötvun ein hin stórkostlegasta, er gerð hefur verið á ykkar jörð og óhætt að tala um tímamót í mannkynssögunni hin þýðingarmestu, er séð var og sýnt fram á, að líffræðin er ekki einangruð við jörðina eina og þarf ekki að vera það, heldur má færa hana út til stjarnanna og ekki er það lítið atriði fyrir framtíð mannkynsins. Möguleikar til sambands við íbúa stjarnanna er þar með enginn hugarburður, heldur frá vísindalegu sjónarmiði náttúrufræðileg staðreynd og lífaflfrafæðileg um leið.

Ekki er það að ástæðulausu sem guðirnir hafa um billjónir ára glímt við að magna efnið fram til æðstu fullkomnunar á billjónum himinhnatta, þar sem vitneistinn hefur seint og ófullkomlega kvíknað og enn lengur þó tekið að glæða svo dygði til þess, að um réttnefnda vitveru yrði að ræða á þeim hnöttum. En það er þó að takast á fáeinum af hinum ófullkomnustu lífhnöttum að glæða sanna hugsun og vit og (mennirnir) því sigursælir orðnir, er tekist hefur að vekja á slíkum jörðum sem jörðin er og skyldar jarðir, þann skilning, er hefur manninn á guðsstigið fyrst, skilninginn á eðli meðvitundarinnar, bæði draumlifs og svefn og alls þess, sem í ljósi þess skilnings verður opið og skilið. En ekki eru guðirnir ánægðir fyrr en tekst að glæða þennan skilning hjá óendanlegum fjölda mannkynja á hinum ófullkomnustu byrjunarstöðvum lífsins og verður aflraun guðanna að takast fullkomlega í þeim eftir, til þess að heimur ekki hrynni. Það er þetta, sem verður að koma fram fullkomlega. Híð guðlega vit og vilji verður að koma fram fullkomlegar á útjaðri vitheims og hefja alheiminn á æðra stig máttar og þroska. Það getur verið, að þetta í fljótu bragði vefjist fyrir mönnum að átta sig á þýðingu skilningsins (og) þekkingar-

innar eigi hið guðlega að sigra. En vissulega eru vísindin hin sanna leiðarstjarna, þau vísindi er rista nógu djúpt og varpa ljósi á hinar torráðnustu gátur tilverunnar.

Þakka fyrir og verið sæl.

Helgi Pjeturss:

Þetta verður nú ekki lengra að sinni.

Þökkum viðtökur.

Verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku)

Fyrir miðilsmunn 24. 8. '92.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Lofn.

Lofn:

Blessuð og sæl.

Ásynja er ég og reyni að magna hug ykkar og lífsþróttinn og eru Ásynjur hinar fornu hinar öflugustu ýmsar og þær hafa hinn mesta hug á að verða Íslendingum að því liði, sem nauðsynlegt er, þannig að framfarir og þroski þjóðarinnar vaxi og þeir verði guðmagnaðri öllum þjóðum fremur, þannig að áhrifa þeirra mun gæta í æ vaxandi mæli um alla jörð öllu mannkyni til heilla. Friður og farsæld er takmark það, er stefna ber að um jörð alla. Ekki er friðsamt sem skyldi og fjarri því. Það eru ill öfl, sem þar eru að verki. Þau eru geigvænleg. Svo er óskandi, að íslenska þjóðin vakni til vitundar um sitt hlutverk meðal þjóðanna, forystuhlutverk hið stærsta. Fagurt mun þá verð og bjart yfir hinni íslensku þjóð. Hún í sannleika verði öðrum þjóðum fordæmi.

Þakka nú viðtökur góðar og verið blessuð og sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Bókin og myndin fagra

I.

Ég var að skoða bók, sem mér fannst mikið til um. Hún var stór, og ég festi augun á kápusíðu hennar og athugaði hana sem best. Efst var mynd af hvítri sól og stafaði sterkum geislum frá henni, niður eftir síðunni.

En neðantil voru bogadregin form í ýmsum stærðum, og fannst mér þetta eiga að tákna einhverskonar gróður, líklega helst jurtablöð. Hvert eitt þessara forma var í ákveðnum lit, sinn liturinn á hverju um sig. Allir voru litir þessir skærir og ljósir: Ljósblár, blár, rauður, bleikur, brúnn, fjólubláar, gulur, grænn. En rendur eða útlínur hverrar jurtar, hvers forms, voru allar ljósari en innar á blaðinu.

Grunnlitur myndarinnar var dökkblár, mun dekkri en annað í myndinni.

Ég var ákaflega hrifinn af þeirri fugurð, sem hér gat að líta og mér fannst þetta vera mikið listaverk.

II.

Kvöldið áður hafði ég verið á samkomu, sem hafði góð áhrif á mig, en þar voru rædd ýmis efni, sem mjög voru áhugaverð.

Ég vil því gera ráð fyrir, að stilliáhrif eigi hér e.t.v. hlut að máli, að samstilltir hugir fundargesta hafi stillt mig til sambands við einhvern draumgjafa, sem á stund draumsins hefur verið að skoða hina litfögru bókarkápu, sem honum fannst svona mikið til koma.

Ég álít að draumsambandið hafi verið mjög sterkt, því vel mundi ég liti og form myndarinnar, eftir að ég vaknaði.

(Dreymt 8. apríl 1975)
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hond Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, simi 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
 Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

Halastjarnan Swift-Tuttle. I. A. (Sjá forsíðumynd)	bls.	2
INNÍNGANGSORD:		
Til lesenda Lífgeisla. I. A.	"	3
Í TILEFNI AF ÚTVARPSDAGSKRÁ:		
Stapakenningin. Þorsteinn Guðjónsson	"	4
Ummæli Þorsteins Vilhjálmssonar leiðrétt. Bergsteinn Jónsson	"	5
AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENTI:		
Lifheimar draumanna. Ný bók eftir Ingvar Agnarsson ..	"	6
ÖNNUR ERINDI OG GREINAR:		
Draumar: „Ég er annar maður“. Þorsteinn Guðjónsson	"	7
Íslenskt takmark. Helgi Pjeturss	"	11
Mannsmyndin. Grundvallarform í tilverunni. Þorsteinn Guðjónsson	"	13
Skáldið Egill, kvæðin og sagan. Þorsteinn Guðjónsson	"	14
Ef undirvitundin vill. Þorsteinn Guðjónsson	"	15
Hindrun lífsambands? Ingvar Agnarsson	"	17
LJÓÐ:		
Hugfró. Benedikt Gröndal	"	19
Friðarleit. Finnbogi R. Guðmundsson	"	20
Ljóð. Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka	"	20
DRAUMAR:		
Klifur um kletta. I. A.	"	21
Draumsýn og stilliáhrif. Þorsteinn Guðjónsson	"	23
Framliðin kona í draumi. Svava Jónsdóttir	"	25
Snævi þakin fjöll. (með mynd) I. A.	"	26
Sérkennilegur draumarur. Birgir Sigurðsson.	"	28
SAMBANDSFUNDIR:		
FY'RIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson		
Ritari: Gunnar Hjörvar		
Swedenborg hinn sánski	"	30
Sif, ásynja	"	31
Abraham Lincoln	"	32
Lofn, ásynja	"	34
Bókin og myndin fagra	"	35
MYR:		
Halastjarna í fjarlægð (mynd)	"	2
Tunglbaugar (mynd)	"	11
Stjörnumynd	"	12
Sýn til stjarna (mynd)	"	15
Lífsambönd (stjörnumynd)	"	17
Vetrarbrautarmynd	"	21
Geislandi stjarna (mynd)	"	23
Sólnasýn (mynd)	"	26